

**123. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
4. febrúar 2020 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Bára Daðadóttir formaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir varaformaður, Liv Aase Skarstad varamaður, Arnbjörg Stefánsdóttir áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Guðrún Hjörleifsdóttir varaáheyrnarfulltrúi starfsfólks grunnskóla, Hjördís Dögg Grímarsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara grunnskóla, Erla Ösp Lárusdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna, Ágústa Andréasdóttir forstöðumaður íþróttamannvirkja og Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fundargerð ritaði: Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2001264 - Skóladagatal skólaárið 2020-2021

Skóladagatal grunnskólanna fyrir árið 2020 - 2021 lagt fram til staðfestingar.

Arnbjörg Stefánsdóttir, Sigurður Arnar Sigurðsson, Guðrún Hjörleifsdóttir, Hjördís Dögg Grímarsdóttir og Erla Ösp Lárusdóttir áheymarfulltrúar skólastjórnenda sitja fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð staðfestir framlagt skóladagatal grunnskólanna á Akranesi fyrir skólaárið 2020 - 2021.

2. 1905270 - Skrifstofuhúsnaði ÍA og aðstaða fyrir starfsmenn og kennara

Umfjöllun um aðstöðumál KFÍA, starfsmanna íþróttamannvirkjanna og kennara á Jaðarsbökkum .

Sigurður Þór Sigursteinsson framkvæmdastjóri KFÍA, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir framkvæmdastjóri ÍA, Ágústa Andréasdóttir forstöðumaður íþróttamannvirkja og Alfreð Alfreðsson verkefnastjóri á skipulags- og umhverfissviði sátu fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð leggur áherslu á mikilvægi þess að viðunandi lausn finnist á aðstöðumálum á Jaðarsbökkum sem nýtist starfsmönnum íþróttamannvirkjanna, íþróttakennurum grunnskólanna og íþróttafélögum þar til ný mannvirkri rísa.

Skóla- og frístundaráð vísar málínu til afgreiðslu í skipulags- og umhverfisráði.

3. 2002005 - Knattspyrnumyndir í Akraneshöll - Íslands-, og bikarmeistarar karla og kvenna frá 1946

Erindi frá Haraldi Sturlaugssyni um uppsetningu á knattspyrnumyndum í Akraneshöll.

Sigurður Þór Sigursteinsson framkvæmdastjóri KFÍA, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir framkvæmdastjóri ÍA, Ágústa Andréasdóttir forstöðumaður íþróttamannvirkja og Alfreð Alfreðsson verkefnastjóri á skipulags- og umvherfissviði sátu fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð fagnar höfðinglegu boði Haraldar Sturlaugssonar og vísar erindinu til skipulags- og umhverfisráðs.

4. 2001127 - Málefni Sundfélags Akraness - Sund í heilsueflandi samfélagi

Bæjarráð vísaði erindi sundfélags Akraness til umfjöllunar í Skóla- og frístundaráði. Skóla- og frístundaráð fagnar árangri Sundfélags Akraness og bendir á að í fyrirhuguðum tillögum um uppbyggingu á Jaðarsbökkum er tillaga um 50m laug. Ráðið vísar tillögum Sundfélagsins inn í ákvarðanatökufærli um áfangaskiptingu í uppbyggingu á Jaðarsbökkum.

5. 1911062 - Vinnustaðagreining Akraneskaupstaðar 2019

Kynning á niðurstöðum vinnustaðagreiningar á skóla- og frístundasviði.

Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir kynningu á niðurstöðum vinnustaðagreiningar á skóla- og frístundasviði.

6. 1610064 - Erindisbréf og reglur - endurskoðun

Samkvæmt 28. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar, staðfestir bæjarstjórn erindisbréf fyrir ráð, stjórnir og nefndir. Fyrir liggja erindisbréf Skóla- og frístundaráðs, Skóla- og frístundasviðs og sviðsstjóra Skóla- og frístundasviðs.

Skóla- og frístundaráð samþykkir fyrilliggjandi erindisbréf og vísar þeim til staðfestingar í bæjarstjórm.

7. 1906109 - Vinnuskóli

Kynntar tillögur fulltrúa Þorpsins, grunnskólanna og Ungmennaráðs Akraness á útfærslum á vinnuskólanum.

Erindi þess efnis var vísað til umrædds hóps á sameiginlegum fundi skóla- og frístundaráðs og skipulags- og umhverfisráðs.

Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir umsögn um framtíðarskipulag Vinnuskólangs frá skólastjórum grunnskólanna, verkefnastjóra æskulýðs- og forvarnarmála og ungmennaráðs og vísar gögnum til frekari umræðu í skipulags- og umhverfisráði.

8. 1908147 - Bæjarstjórn unga fólksins 2019 - Framhaldsumræða.

Umræða um eftirfylgd erinda frá Bæjarstjórnarfundi unga fólksins.

Skóla- og frístundaráð telur að bæjarstjórnarfundur unga fólksins hafi verið góður og gagnlegur og leggur til að einstaka erindi komi til umfjöllunar í ráðinu eftir því sem tilefni gefst til.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:20.

Bárður Ólafsson
Jón Ásgeirsson
Sandra Úlf. Sigurjónsdóttir
Valgerður Jónsdóttir